

Sp.

103. Tillaga til þingsályktunar

um sérstakar launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Haraldur Guðmundsson, Páll Hallgrímsson,
Sigtús Sigurhjartarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta greiða embættismönnum og öðrum starfsmönnum ríkisins og ríkisstofnana sérstaka uppbót á laun þeirra frá ríkinu eða ríkisstofnunum fyrir tímabilið 1. júlí 1942 til 30. júní 1943 eins og hér á eftir segir:

Á fyrstu 2400 kr. grunnlauna, ásamt verðlagsuppbót af henni, eins og hún verður á hverjum tíma, greiðast 30%.

Á þann hluta grunnlauna, sem er ofan við kr. 2400.00, og allt að kr. 10000.00, ásamt verðlagsuppbót, eins og hún verður á hverjum tíma, greiðast 25%. Uppbót þessi greiðist mánaðarlega.

Uppbót greiðist úr ríkissjóði eftir sömu reglum á tímakaup kennara, eftirlaun í fjárlögum og lífeyri úr lífeyrissjóðum embættismanna, barnakennara og ljósmæðra, svo og útborgað skrifstofufé og embættiskostnað, að undanskilinni húsaleigu og húsaleigustyrk.

Enn fremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að hraða endurskoðun launalaganna svo sem unnt er.

G r e i n a r g e r ð .

Á þessu þingi eru flutt tvö frumvörp um sérstakar launabætur til handa embættismönnum og starfsmönnum ríkisins, sitt frumvarpið í hvorri þingdeild. Frumvörpum þessum hefur verið vísað til fjárhagsnefnda deildanna, og hafa þær unnið saman að afgreiðslu þeirra.

Nefndirnar hafa orðið sammála um að afgreiða þessi mál með þingsályktunartillögu þessari, og standa allir nefndarmenn beggja nefndanna að því.

Páll Hallgrímsson áskilur sér rétt til að bera fram brtt. við 3. málsgrein.